


Verklagsreglur vegna Covid smita

1. Einstaklingur sem finnur fyrir einkennum lætur Sollu ritara eða húsbónda (Jón Sverri, Vídda, Hlyn) vita sem kemur til viðkomandi hraðprófi.
 - a. Ef hraðprófið er neikvætt (ekki smit) heldur lífið áfram óbreytt.
 - b. Ef hraðprófið er jákvætt (smit) er farið í lið 2.
2. Herbergisfélagi einstaklings með jákvætt hraðpróf (liður 1b) fjarlægir sóttreinsaðar nauðsynjar úr herberginu og fer í sóttkví. Hann er laus úr sóttkví ef viðkomandi reynist ekki sýktur (liður 5a).
3. Einstaklingur sem fær jákvætt hraðpróf (liður 1b) fer í einangrun í herbergi sínu og pantar sér PCR próf á Húsavík. Þau eru kl. 11:00 á virkum dögum.
 - a. Viðkomandi fer inn á heilsuvera.is, smellir á „mínar síður“ og skráir sig inn á rafrænum skilríkjum.
 - i. Hafi viðkomandi ekki rafræn skilríki skal hringja í 464-0500 og biðja ritarann á heilsugæslunni að skrá sig í Covid próf.
 - b. Þar er smelt á „Covid-19“ (til vinstri) og svo á „bóka einkennasýnatöku“.



- c. Því næst velur viðkomandi Húsavík sem sýnatökustað úr fellilistanum.

- d. Svo fyllir viðkomandi út netfang og símanúmer í þar til gerða reiti og hakar við öll einkenni sem hann hefur og smellir á „senda“.

Einstaklingur/umsækjandi

Netfang

Símanúmer

Merktu við þau COVID-19 einkenni sem þú finnur fyrir

- Hiti
- Slappleiki
- Hósti
- Hálssærindi
- Kvef
- Beinverkir
- Truflun á lyktar-/bragðskyni
- Ógleði
- Uppköst
- Niðurgangur
- Höfuðverkur
- Skv. tilmælum sóttvornalæknis

Senda

4. Viðkomandi er í sambandi við Kristján húsvörð skóla um að koma sér í sýnatöku. Þau eru kl. 11:00 á virkum dögum.
5. Niðurstaða sýnatöku.
 - a. Ef PCR prófið er neikvætt (ekki smit) heldur lífið áfram óbreytt.
 - b. Ef PCR prófið er jákvætt (smit) er farið í lið 6.
6. Viðkomandi fer í eingrun á herbergi sínu. Lengd dvalar í einangrun er stýrt af rakningarteyminu að sunnan en reikna má með 14 dögum í einangrun.
7. Allir þeir sem voru innan við tvo metra frá sýkta einstaklingnum í 15 mínútur eða meira frá því sólarhring áður en hann fann fyrir einkennum þurfa að fara í sóttkví.
8. Sóttkví varir í 7 daga.
 - a. Fyrsti dagur er dagurinn fyrir fyrstu einkenni þess sýkta.
 - b. Á sjöunda degi er farið í sýnatöku (liðir 3-5) og sé hún neikvæð er viðkomandi laus úr sóttkví, annars fer hann í einangrun.
9. Finni einstaklingur í sóttkví fyrir einkennum hefur hann ferlið frá lið 1.